

Lög um mannvirki nr. 160/2010 – drög að breytingum

Hafsteinn Pálsson



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Grundvöllur

- Tillögur fyrri starfshóps sem ekki var unnt að koma í framkvæmd nema breytingar yrðu á lögnum.



Séruppdrættir og fleira

- *Lagastoð treyst vegna tilkynningarskyldra framkvæmda.*
- *Séruppdrættir þurfa ekki að liggja fyrir við útgáfu byggingarleyfis. Samþykktir séruppdrættir og tilheyrandi greinargerðir skulu liggja fyrir áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst.*



Iðnmeistarar

- *Aðeins krafa um að ábyrgðaryfirlýsingar húsassmíðameistara, múrarameistara, pípulagningameistara og rafvirkjameistara liggi fyrir við útgáfu byggingarleyfis. Yfirlýsing um ábyrgð annarra iðnmeistara skal afhent áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst.*



Áfangaúttektir

Almennt annast byggingarstjóri áfangaúttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og skoðunarlista. Útgefandi byggingarleyfis getur þó ávallt fyrirskipað úrtaksskoðun eftirlitsaðila í kjölfar tilkynningar byggingarstjóra um lok úttektarskylds verkþáttar. Úrtaksskoðun byggingarfulltrúa, Mannvirkjastofnunar eða eftir atvikum skoðunarstofu skal framkvæmd í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og skoðunarlista. Ef sérstaklega stendur á, t.d. vegna veikinda, getur byggingarstjóri veitt aðila með starfsleyfi byggingarstjóra skýrt og afmarkað umboð til að mæta í eða annast tilteknar áfangaúttektir.



Úrtaksskoðanir

- *Leyfisveitanda verður heimilt við eftirlitsstörf að beita úrtaksskoðunum í stað alskoðana samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.*



Eftirlit MVS

- *Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með störfum hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara og gæðastjórnunarkerfum þeirra á grundvelli niðurstaðna skoðunarskýrslna eftirlits með mannvirkjagerð.*



Eftirlit MVS

- *Mannvirkjastofnun skal gera sérstaka úttekt á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfa hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara ef ítrekað eru gerðar athugasemdir við störf þeirra í skoðunarskýrslum byggingareftirlits.*



Skoðunarstofur

- *Sveitarstjórn og Mannvirkjastofnun er heimilt að ákveða að skoðunarstofa annist yfirferð uppdráttá og framkvæmd áfanga-, öryggis- og lokaúttekta.*



Innra eftirlit

- *Aukin áhersla á innra eftirlit hönnuða og skráningu niðurstaðna innra eftirlits í gæðastjórnunarkerfi. Aukin áhersla á gæðastjórnunarstarf og ábyrgð byggingarstjóra, en hann skal í sínu gæðastjórnunarkerfi halda skrá yfir alla þá iðnmeistara sem koma að þeim verkum sem hann stýrir og varðveita afrit af undirrituðum ábyrgðaryfirlýsingum þeirra.*



Faggildingar

- *Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúar hafa eftirfarandi frest (er nú í öllum tilvikum 1. janúar 2018) til að afla sér faggildingar í samræmi við ákvæði 19. gr., sbr. 21. gr:*
 - *Vegna yfirferðar séruppdráttar: til 1. janúar 2018.*
 - *Vegna framkvæmdar öryggis- og lokaúttektar: til 1. janúar 2019.*
 - *Vegna yfirferðar aðaluppdráttar: til 1. janúar 2020.*
 - *Felld niður krafa um faggildingunni vegna áfangaúttekta.*



Tryggingamál

- Vinna er hafin við að skoða ákvæði um tryggingar í lögnum.
- Engar ákvarðanir hafa verið teknar um útfærslur.
- Hugsanlegar breytingar á ákvæðum varðandi byggingarstjóra bíða niðurstöðu þessarar vinnu.
- Áhersla á kostnaðarmat.

